

Sp.

589. Breytingartillögur

[64. mál]

við till. til þál. um launasjóð rithöfunda.

Frá allsherjarnefnd.

1. Aftan við fyrri málsgrein tillögugreinarinnar bætist:
Endurskoðunin skal unnin að höfðu samráði við samtök rithöfunda.
2. Síðari málsgrein tillögugreinarinnar orðist svo:
Nefndin skal skipuð eftir tilnefningu þingflokka að viðbættum einum manni skipuðum af menntamálaráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Nefndin skal skila álitum áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman.